

30. nóvember 2015

Sveitarstjórnarkosningar 31. maí 2014

Local government elections 31 May 2014

Samantekt

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 31. maí 2014 og náðu til allra 74 sveitarfélaganna á landinu. Í 56 sveitarfélögum með 99% kjósenda var bundin hlutfallskosning og þar af var sjálfkjörið í þremur sveitarfélögum þar sem aðeins var borinn fram einn listi. Kosning var óbundin í 18 sveitarfélögum þar sem rúmt 1% kjósenda var á kjörskrá. Kjósendur á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2014 voru 239.734 eða 73,2% landsmanna. Karlar á kjörskrá voru 119.373 (49,8%) og konur 120.361 (50,2%). Í kosningunum greiddu atkvæði 158.616 kjósendur í 71 sveitarfélagi, eða 66,5% af þeim 238.654 sem voru þar á kjörskrá. Var þessi þátttaka sú dræmasta í sveitarstjórnarkosningum til þessa. Kosningaþátttaka kvenna var meiri en karla og var breytileg eftir aldri, meiri meðal eldri en yngri kjósenda. Þátttaka kjósenda með erlent ríkisfang var 21%, tæp 57% meðal norrænna kjósenda en 17% meðal annarra erlendra ríkisborgara. Gild atkvæði voru 152.234. Auðir seðlar voru 5.594 og aðrir ógildir 788 eða samanlagt 4,0% greiddra atkvæða.

Í 56 sveitarfélögum komu fram 184 framboðslistar, þar af var einn listi í boði í þremur sveitarfélögum og því sjálfkjörið í þeim. Tala frambjóðenda í sömu sveitarfélögum var 2.916, 1.532 karlar (52,5%) og 1.384 konur (47,5%). Alls voru kjörnir 504 sveitarstjórnarmenn á landinu öllu, 282 karlar eða 56,0% og 222 konur eða 44,0%. Hefur hlutfall kvenna af kjörnum fulltrúum aldrei verið hærra.

Tafla 1. Sveitarstjórnarkosningar 31. maí 2014

Table 1. Local government elections 31 May 2014

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Kjósendur á kjörskrá, alls <i>Voters on the electoral roll, total</i>	239.734	119.373	120.361
Kjósendur á kjörskrá þar sem kosning fór fram ¹ <i>Voters on the electoral roll where election took place ¹</i>	238.654	118.816	119.838
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	158.616	78.008	80.608
Kosningaþátttaka alls, % <i>Participation percent total</i>	66,5	65,7	67,3
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional vote</i>	66,4	65,6	67,2
Óbundin kosning <i>Direct vote</i>	70,0	68,7	71,5
Gild atkvæði <i>Valid votes</i>	152.234	.	.
Auðir seðlar <i>Blank ballots</i>	5.594	.	.
Ógildir seðlar <i>Void ballots</i>	788	.	.
Frambjóðendur <i>Candidates</i>	2.916	1.532	1.384
Kjörnir fulltrúar <i>Elected representatives</i>	504	282	222
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional vote</i>	410	224	186
Óbundin kosning <i>Direct vote</i>	94	58	36

¹ Sjálfkjörið var í þremur sveitarfélögum. *Only one list was offered in three municipalities and hence no voting there.*



Framkvæmd kosninganna

Tilhögun kosninga

Lög um kosningar til sveitarstjórna tóku gildi 13. mars 1998.¹ Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi 1. janúar 2012² en þau leystu af hólmi sveitarstjórnarlög nr. 45 frá 3. júní 1998 með áorðnum breytingum. Samkvæmt lögum er kjörtímabil sveitarstjórna fjögur ár og fara almennar sveitarstjórnarkosningar fram í öllum sveitarfélögum landsins síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu.³ Fulltrúar í sveitarstjórnnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem eru með tvennu móti:

- a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.
- b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrirfram skorast undan því.⁴

Kosningarréttur 2014

Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu. Komi enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu skal kosning verða óbundin.⁵ Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu.⁶ Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann er skráður með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag⁷ (10. maí fyrir kosningarnar 2014). Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og hafa ekki verið sviptir lögræði.⁸

Kjörskrár

Sveitarstjórnir semja kjörskrár eftir kjörskrárstofnum sem Þjóðskrár Íslands lætur þeim í té⁹ og þær gera síðan svo úr garði að úr verður gild kjörskrá.

Sveitarstjórnarlög frá 1986 giltu til 1998¹⁰, þar áður sveitarstjórnarlög frá 1961¹¹ og lög um sveitarstjórnarkosningar frá 1962¹² sem tóku við af lögunum frá 1929 og 1936.

Kosningarréttur 1930–2010

Kosningarréttur til sveitarstjórnar hefur verið rýmkaður nokkrum sinnum undanfarna áratugi. Kosningaraldur var 21 ár í kosningunum 1930–1966¹³, 20 ár í kosningunum 1970–1982¹⁴ og 18 ár frá 1986¹⁵. Skilyrði um óflekkað mannorð var fellt niður með sveitarstjórnarlögunum frá 1961. Ríkisborgarar annars staðar af Norðurlöndum fengu kosningarrétt til sveitarstjórnar árið 1982 ef þeir höfðu átt

¹ Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5 6. mars 1998, breytt með lögum nr. 82/1998, l. nr. 27/2002, l. nr. 50/2006, l. nr. 167/2007, l. nr. 98/2009, l. nr. 77/2010, l. nr. 162/2010, l. nr. 126/2011, l. nr. 138/2011, l. nr. 111/2012, l. nr. 117/2012.

² Sveitarstjórnarlög nr. 138 17. september 2011.

³ 1. gr. laga nr. 5/1998.

⁴ 19. gr. laga nr. 5/1998.

⁵ 20. gr. laga nr. 5/1998.

⁶ 1. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998.

⁷ 5. gr. laga nr. 5/1998.

⁸ 3. gr. laga nr. 5/1998.

⁹ 4. gr. laga nr. 5/1998.

¹⁰ Lög nr. 8/1986.

¹¹ Lög nr. 58/1961.

¹² Lög nr. 5/1962.

¹³ 1. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1929.

¹⁴ 1. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1967.

¹⁵ 1. mgr. 19. gr. laga nr. 8/1986.

lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag¹ og ríkisborgarar annarra landa gátu fyrst kosið við sveitarstjórnarkosningar 2002 ef þeir höfðu átt lögheimili hér á landi í fimm ár samfelld miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.² Skilyrði um að maður væri ekki sviptur lögræði til þess að eiga kosningarrétt féll niður 1986.³

Málefni sveitarstjórnarkosninga flutt milli ráðuneyta

Með lögum nr. 98/2009⁴ (Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkfæna innan Stjórnarráðs Íslands) var lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 breytt og málefni sveitarstjórnarkosninga flutt frá samgönguráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Þann 1. janúar 2011 tók innanríkisráðuneytið til starfa eftir sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins⁵ og eru málefni almannakosninga meðal verkfæna þessa nýja ráðuneytis.

Breyting á kosningalögum

Hinn 18. október 2012 tóku gildi lög nr. 111/2012 um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis⁶ og lögum um kosningar til sveitarstjórna⁷. Með breytingunum verður kjósanda sem sakir sjónleysis eða þess að honum er hönd ónothæf heimilt við atkvæðagreiðsluna að fá aðstoð fulltrúa sem hann hefur valið sjálfur í stað kjörstjóra eða kjörstjórnarmanns eins og verið hefur og er áfram heimilt. Geti þessir kjósendur ekki sjálfir með skýrum hætti tjáð kjörstjóra eða kjörstjórn þennan vilja sinn skulu kjörstjóri eða kjörstjórn heimila fulltrúa kjósandans að aðstoða hann við atkvæðagreiðsluna leggi kjósandinn fram vottorð réttindagæslumanns, sem starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Því hafa fatlaðir kjósendur, sem löggin taka til, nú með tilteknum skilyrðum sjálfir rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi. Reyndi fyrst á þessi nýmæli í lögum við þjóðaratkvæðagreiðsluna 20. október 2012.

Kosningaskýrsla

Samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna⁸ skal yfirkjörstjórn senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað sem Hagstofan lætur í té. Fyrir kosningarnar sendi Hagstofa kynningarbréf með gagnabeiðni til yfirkjörstjórna sveitarfélaga. Til að gera skýrsluskilin auðveldari og öruggari voru þau gerð með vefskilum. Óskað var eftir upplýsingum eftir kyni um: kjósendur á kjörskrá (að teknu tilliti til breytinga á kjörskrárstofni), kosningabátttöku (greidd atkvæði á kjörfundi og utan kjörfundar), aðstoð við kosningu á kjörfundi og úrslit í bundinni/óbundinni kosningu. Var hér um hefðbundna gagnabeiðni að ræða að undanskilinni beiðni varðandi aðstoð við kosningu á kjörfundi sem kom fyrst til við þjóðaratkvæðagreiðslu 2012.

Skil og frágangur á skýrslum til Hagstofunnar gekk almennt vel. Í nokkrum tilvikum voru upplýsingar ekki fullnægjandi og var þá haft samband við hlutaðeigandi kjörstjórnir, skýringa leitað og niðurstaða fengin.

Gagnasöfnun um kjörsókn eftir aldri

Alþingi samþykkti 16. maí 2014 þingsályktun um að fela forsætisráðherra að hlutast til um að Hagstofa Íslands kallaði eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum um kjörsókn eftir fæðingarári. Jafnframt fólst í tillögunni að hefja skyldi gagnasöfnun

¹ 3. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1982.

² 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, sbr. 1. gr. laga nr. 27/2002.

³ Lög nr. 8/1986.

⁴ 56. gr. laga nr. 98/2009.

⁵ 150. gr. laga nr. 162/2010 um breytingar á lögum nr. 5/1998.

⁶ Lög nr. 24/2000.

⁷ Lög nr. 5/1998.

⁸ 88. gr. laga nr. 5/1998.

við sveitarstjórnarkosningar vorið 2014. Að fengnum tilmælum forsætisráðuneytis ákvað Hagstofan að standa að úrtaksrannsókn á kjörsókn einstaklinga til viðbótar hefðbundinni gagnasöfnun vegna kosningaskýrsla Hagstofunnar. Var úrtaksrannsókn fyrir valinu til að léttu svarbyrði kjörstjórna. Hagstofan dró rúmlega 25 þúsund manna úrtak úr rafrænum stofni til kjörskrár sem Þjóðskrá lét í té. Var úrtakið lagskipt eftir stærð sveitarfélaga þannig að 100% voru hjá sveitarfélögum með 500 eða færri einstaklinga á kjörskrá, 20% hjá sveitarfélögum með 501-3.000, 10% hjá 3.001-5.000 en 5% hjá 5.001 og stærri.

Aðstoð við kosningu

Eins og getið var hér framar voru gerðar breytingar á kosningalögum með lögum nr. 111/2012 um aðstoð við kosningu sem gildi tóku 18. október 2012. Kjósendur sem löggin taka til hafa nú með tilteknum skilyrðum sjálfir rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi. Óskaði Hagstofa eftir tölulegum upplýsingum frá yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga um aðstoð við kosningu á kjörfundi og frá sýslumönnum um aðstoð við kosningu utan kjörfundar.

Aðstoð við kosningu

Í heild fengu 393 kjósendur aðstoð við að kjósa, 159 karlar og 234 konur. Af þessum hópi fengu 129 aðstoð við að kjósa utan kjörfundar en 264 á kjörfundi. Alls fengu 234 aðstoð kjörstjóra/kjörstjórnarmanns við að kjósa (59,5%). Þá fengu 159 aðstoð fulltrúa að eigin vali (40,5%), þar af 136 án vottorðs réttindagæslumanns og 23 með staðfestu vottorði réttindagæslumanns eins og nú er heimilt við sérstakar aðstæður.

Tafla 2. Kjósendur sem fengu aðstoð við kosningu í sveitarstjórnarkosningum 2014

Table 2. Voters receiving assistance with voting in local government elections 2014

	Fjöldi <i>Number</i>			Hlutfall <i>Percent</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls <i>Total</i>	393	159	234	100,0	100,0	100,0
Aðstoð kjörstjóra/kjörstjórnarmanns <i>Assistance of an election officer</i>	234	100	134	59,5	62,9	57,3
Aðstoð fulltrúa að eigin vali <i>Assistance of a person of own choice</i>	159	59	100	40,5	37,1	42,7
án vottorðs réttindagæslumanns <i>Without a certificate of a rights prot. officer</i>	136	54	82	34,6	34,0	35,0
staðfest með vottorði réttindagæslumanns <i>with a certificate of a rights protection officer</i>	23	5	18	5,9	3,1	7,7

Kjósendingur á kjörskrá

Fækkun sveitarfélaga Fjöldi sveitarfélaga við sveitarstjórnarkosningarnar 31. maí 2014 var 74 en var 76 í kosningunum 2010. Með sameiningu sveitarfélaga á undanförunum árum hefur sveitarfélögum fækkað mikið en þau voru 204 við kosningarnar 1990. Sú breyting varð frá kosningunum 2010 að Bæjarhreppur sameinaðist Húnaþingi vestra, og Sveitarfélagið Álftanes sameinaðist Garðabæ.

Kjörskrárstofn Fjöldi kjósenda samkvæmt kjörskrárstofni sem Þjóðskrá lét sveitarfélögum í té í byrjun maí var 239.810. Þegar sveitarfélögin höfðu gert þær breytingar á kjörskrárstofni fram að kjördag sem þeim var heimilt að gera t.d. vegna andláts, fjölda þeirra sem fengið höfðu nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var gerður eða annarra leiðréttinga, fækkaði kjósendum um 76.

Kjósendur á kjörskrá Kjósendingur á endanlegri kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2014 voru 239.734 eða 73,2% landsmanna miðað við meðalmannfjölda 2014 sem var 327.386. Karlar á kjörskrá voru 119.373 (49,8%) og konur 120.361 (50,2%). Kjósendum á kjörskrá fjölgaði um 13.879 frá síðustu sveitarstjórnarkosningum eða um 6,1%. Þá var tala þeirra 225.855 eða 71,0 % af íbúafjölda. Þeir kjósendur sem fengu að kjósa í fyrsta sinn til sveitarstjórnar sökum aldurs voru 18.695 eða 7,9% kjósenda.

Meðal þeirra sem voru á kjörskrárstofnum fyrir kosningarnar í maí 2014 voru 1.919 menn með lögheimili annars staðar á Norðurlöndum. Erlendir ríkisborgarar sem voru búsettir hér og höfðu kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningarnar voru 10.183 talsins þar af 1.016 frá öðrum Norðurlöndum og 9.167 frá öðrum ríkjum samkvæmt kjörskrárstofnum.

Bundin og óbundin kosning Kosið var bundinni hlutfallskosningu í 56 sveitarfélögum þar sem 98,7% kjósenda voru á kjörskrá og þar af var sjálfkjörið í þremur sveitarfélögum þar sem aðeins var borinn fram einn listi. Kosning var óbundin í 18 sveitarfélögum þar sem 1,3% kjósenda voru á kjörskrá.

Kosningaháttur og stærð sveitarfélaga Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri voru 58 talsins og var bundin hlutfallskosning í 53 þar af sjálfkjörið í tveimur og óbundin kosning í fimm sveitarfélögum. Af 16 sveitarfélögum með íbúa undir 300 var kosning bundin í þremur þar af sjálfkjörið í einu en óbundin kosning var í 13 sveitarfélögum.

Tala kjósenda á kjörskrá í hverju sveitarfélagi og á hverjum kjörstað er sýnd í töflu 24. Í töflu 19 er sýnd tala kjósenda á hvern sveitarstjórnarmann og í töflu 7 kemur fram hlutfallsleg breyting kjósenda á kjörskrá frá kosningunum 2010 eftir landsvæðum og ræður flokkun sveitarfélaga árið 2014 hvar þau teljast.

Tafla 3. Sveitarstjórnarkosningar eftir stærð sveitarfélaga 2014*Table 3. Local government elections by size of municipalities 2014*

	Landið allt <i>Whole country</i>	1.000 íbúar og fleiri <i>1,000 inhab. or more</i>	300–999 íbúar <i>300–999 inhabitants</i>	299 íbúar eða færri <i>Less than 300 inhab.</i>
Sveitarfélög <i>Municipalities</i>	74	32	26	16
Frambjóðendur <i>Candidates</i>	2.916	2.312	554	50
Karlar <i>Males</i>	1.532	1.203	298	31
Konur <i>Females</i>	1.384	1.109	256	19
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	239.734	226.327	11.753	1.654
Hlutfall kjósenda af íbúatölu <i>Percent of population</i>	73,2	73,2	74,1	76,6
Karlar <i>Males</i>	119.373	112.329	6.156	888
Konur <i>Females</i>	120.361	113.998	5.597	766
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	158.616	148.875	8.532	1.209
Karlar <i>Males</i>	78.008	72.955	4.427	626
Konur <i>Females</i>	80.608	75.920	4.105	583
Þar af utan kjörfundar <i>Absentee votes thereof</i>	19.661	18.503	1.053	105
Kosningaþátttaka, %¹ <i>Participation, %¹</i>	66,5	65,8	79,5	75,5
Karlar <i>Males</i>	65,7	64,9	78,7	72,6
Konur <i>Females</i>	67,3	66,6	80,5	78,9
Úrslit <i>Outcome</i>				
Atkvæðaseðlar alls <i>Ballots, total</i>	158.616	148.875	8.532	1.209
Gildir <i>Valid votes</i>	152.233	142.789	8.265	1.179
Auðir og ógildir <i>Blank and void</i>	6.383	6.086	267	30
Fulltrúar <i>Representatives, total</i>	504	270	154	80
Karlar <i>Males</i>	282	144	87	51
Konur <i>Females</i>	222	126	67	29
Hlutfallsleg skipting <i>Percentages</i>				
Sveitarfélög <i>Municipalities</i>	100,0	43,2	35,1	21,6
Frambjóðendur <i>Candidates</i>	100,0	79,3	19,0	1,7
Karlar <i>Males</i>	100,0	78,5	19,5	2,0
Konur <i>Females</i>	100,0	80,1	18,5	1,4
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	100,0	94,4	4,9	0,7
Karlar <i>Males</i>	100,0	94,1	5,2	0,7
Konur <i>Females</i>	100,0	94,7	4,7	0,6
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	100,0	93,9	5,4	0,8
Karlar <i>Males</i>	100,0	93,5	5,7	0,8
Konur <i>Females</i>	100,0	94,2	5,1	0,7
Þar af utan kjörfundar <i>Absentee votes thereof</i>	100,0	94,1	5,4	0,5
Úrslit <i>Outcome</i>				
Atkvæðaseðlar alls <i>Ballots, total</i>	100,0	93,9	5,4	0,8
Gildir <i>Valid votes</i>	100,0	93,8	5,4	0,8
Auðir og ógildir <i>Blank and void</i>	100,0	95,3	4,2	0,5
Fulltrúar <i>Representatives, total</i>	100,0	53,6	30,6	15,9
Karlar <i>Males</i>	100,0	51,1	30,9	18,1
Konur <i>Females</i>	100,0	56,8	30,2	13,1

1 Kosningaþátttaka í sveitarfélögum þar sem kosning fór fram. *Participation in municipalities where voting took place.*

Kosningaþátttaka

Kosningaþátttaka 66,5% —
sú lægsta í sveitarstjórnar-
kosningum

Í sveitarstjórnarkosningunum 2014 greiddu 158.616 kjósendur atkvæði í 71 sveitarfélagi eða 66,5% af þeim 238.654 kjósendum sem voru þar á kjörskrá. Í þremur sveitarfélögum (Vesturbyggð, Skútustaðahreppi og Tjörneshreppi) með alls 1.080 á kjörskrá var einn listi í framboði og hann því sjálfkjörinn án atkvæðagreiðslu. Kosningaþátttakan hefur farið minnkandi í síðustu þrennum kosningum og hefur aldrei verið minni en nú. Lengst af hefur hún verið á bilinu 80–88%. Mest hefur þátttakan í sveitarstjórnarkosningum orðið 87,8%, árið 1974 en hún var 73,5% árið 2010.

Tafla 4. Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1994–2014

Table 4. Participation in local government elections 1994–2014

	1994	1998	2002	2006	2010	2014
Sveitarfélög <i>Municipalities</i>	171	124	105	79	76	74
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	186.454	193.632	204.945	216.163	225.855	239.734
Hlutfall kjósenda af fbúatölu <i>Percent of population</i>	70,1	71,2	71,3	71,3	71,0	73,2
Karlar <i>Males</i>	93.012	96.396	101.821	107.494	112.233	119.373
Konur <i>Females</i>	93.442	97.236	103.124	108.669	113.622	120.361
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	161.152	159.187	168.913	169.976	165.238	158.616
Karlar <i>Males</i>	79.924	78.544	83.027	83.804	81.536	78.008
Konur <i>Females</i>	81.228	80.643	85.886	86.172	83.702	80.608
Þar af utan kjörfundar <i>Absentee votes thereof</i>	15.539	15.877	16.610	22.371	16.409	19.661
Hlutfall af greiddum atkvæðum <i>Percent of votes cast</i>	9,6	10,0	9,8	13,2	9,9	12,4
Kosningaþátttaka, þar sem ekki var sjálfkjörið, % <i>Participation, percent¹</i>	86,6	82,3	83,2	78,7	73,5	66,5
Karlar <i>Males</i>	86,1	81,5	82,3	78,1	73,0	65,7
Konur <i>Females</i>	87,1	83,0	84,0	79,4	74,0	67,3


¹ Participation in municipalities where voting took place. There was no voting in three municipalities.

Kosningaþátttaka kvenna
meiri en karla

Í kosningunum 2014 greiddu 78.008 karlar og 80.608 konur atkvæði. Voru karlar 49,2% þeirra sem greiddu atkvæði og konur 50,8%. Kosningaþátttaka karla var 65,7% (73,0% árið 2010) og kvenna 67,3% (74,0% árið 2010). Hefur kosningaþátttaka kvenna verið meiri en karla í sveitarstjórnarkosningum 1994 og síðar og í alþingiskosningum 1995 og síðar og einnig við forsetakjör frá árinu 1980 hefur þátttaka kvenna orðið meiri en karla. Áður var kosningaþátttaka karla ávallt meiri en kvenna.

Mynd 1. Kosningabátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1950–2014¹

Figure 1. Participation in local government elections 1950–2014¹



1 Kosningabátttaka er miðuð við tölu kjósenda á kjörskrá þar sem kosning fór fram. Participation refers to those on electoral roll where voting took place.

Kosningabátttaka eftir aldri


Eins og getið er hér framfar var gerð úrtaksrannsókn af hálfu Hagstofu til að afla upplýsinga um kosningabátttöku eftir aldri. Hefur slíkt ekki verið gert áður. Var þessara upplýsinga aflað á grundvelli þingsályktunar Alþingis. Myndir 2 og 3 sýna niðurstöður úr ofangreindri úrtaksrannsókn.

Þátttakan hækkar með aldri

Kosningabátttakan 2014 var breytileg eftir aldri og almennt hækkaði hún með aldri. Hún var minnst hjá aldurshópnum 20–24 ára 45,4% og 25–29 ára 48,1% en hjá þeim yngstu þ.e. 18–19 ára var hún hærri, 51,9%. Hæst var hlutfallið hjá 65–69 ára, 82,8% en lækkaði síðan með aldri úr því. Var þróunin sú sama hjá körlum og konum hvað þetta varðar en konur voru oftast með meiri þátttöku en karlar fram til 70–74 ára aldurs þegar þetta snérist við og þátttaka karla meðal þeirra eldri var meiri en kvenna.

Mynd 2. Kosningabátttaka eftir kyni og aldri 2014

Figure 2. Participation by sex and age 2014




Skýring Notes: Niðurstöður byggja á úrtaksrannsókn á kjörsókn einstaklinga við sveitarstjórnarkosningarnar 2014. Results are based on a random stratified sample of eligible voters in the 2014 local government elections.

Kosningaþátttaka eftir aldri og íbúafjölda í sveitarfélögum

Kjörsóknin var almennt meiri eftir því sem sveitarfélögin voru fámennari og átti þetta við um alla aldurshópa. Í sveitarfélögum með á bilinu 10.000 þúsund til 99.999 íbúa var kjörsóknin 63,6% en í sveitarfélögum undir 1.000 íbúum var kjörsóknin 79,0%. Til dæmis var kjörsókn 18–29 ára einstaklinga í sveitarfélögum með 10.000–99.999 íbúa 45% en 62% í sveitarfélögum með 999 íbúa eða færri. Munurinn á kosningaþátttöku 18–29 ára og 40 ára og eldri var 27–29 prósentustig í flokkum sveitarfélaga með 10 þúsund íbúa eða fleiri en 22–25 prósentustig í sveitarfélögum með íbúa 2.000 eða færri.

Mynd 3. Kosningaþátttaka eftir aldri og íbúafjölda í sveitarfélögum 2014

Figure 3. Participation by age and number of inhabitants in municipalities 2014



Skýring Notes: Sjá skýringu við mynd 2. See notes with figure 2.

Kosningaþátttaka erlendra ríkisborgara

Úrtaksrannsóknin gaf einnig til kynna vísbendingar um kosningaþátttöku erlendra ríkisborgara. Á kjörskrárstofni voru alls 10.183 erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi sem höfðu kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningarnar, þar af voru 1.016 frá öðrum Norðurlöndum og 9.167 frá öðrum ríkjum.

Kosningaþátttaka norrænna kjósenda var 56,7%, þátttaka karla 59,0% og kvenna 55,2%. Var þátttaka minni meðal annarra erlendra kjósenda eða 17,0% í heild, 15,3% hjá körlum og 18,9% hjá konum. Kosningaþátttaka erlendra ríkisborgara í heild var 21,0%. Var hún nú talsvert minni en hún var í kosningunum 2006 en þá var kallað sérstaklega eftir upplýsingum um þátttöku þeirra jafnhliða almennri gagnasöfnun um kosningaþátttöku. Árið 2006 var fjöldi erlendra ríkisborgara með kosningarrétt hér alls 4.391 og þátttaka þeirra 40,4%, 62,5% meðal norrænna ríkisborgara og 34,4% hjá öðrum erlendum kjósendum.

Tafla 5. Kosningabátttaka erlendra ríkisborgara 2014

Figure 5. Participation of foreign citizens 2014

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Kjósendur á kjörskrá Voters on the electoral roll			
Erlendir alls <i>Foreign citizens total</i>	10.183	5.221	4.962
Norrænir <i>Nordic</i>	1.016	391	625
Aðrir erlendir <i>Other</i>	9.167	4.830	4.337
Greidd atkvæði Votes cast			
Erlendir alls <i>Foreign citizens total</i>	2.125	967	1.158
Norrænir <i>Nordic</i>	574	231	344
Aðrir erlendir <i>Other</i>	1.551	736	814
Kosningabátttaka, %¹ Participation ¹			
Erlendir alls <i>Foreign citizens total</i>	21,0	18,6	23,5
Norrænir <i>Nordic</i>	56,7	59,0	55,2
Aðrir erlendir <i>Other</i>	17,0	15,3	18,9

Skýring Note: Niðurstöður byggja á úrtaksrannsókn á kjörsókn einstaklinga við sveitarstjórnarkosningarnar 2014. Results are based on a random stratified sample of eligible voters in the 2014 local government elections.

¹ Kosningabátttaka er miðuð við tölu kjósenda á kjörskrá þar sem kosning fór fram. Participation refers to those on electoral roll where voting took place.

Kosningabátttaka minni í bundnum en óbundnum kosningum

Kosningabátttaka var á heildina litið minni í bundnum listakosningum en óbundnum kosningum öfugt við það sem var í kosningunum 2010. Var kosningabátttakan 66,4% í sveitarfélögum þar sem bundnar hlutfallskosningar voru en 70,0% þar sem kosning var óbundin. Í báðum tilvikum var kosningabátttaka kvenna meiri en karla.

Tafla 6. Bundnar hlutfallskosningar og óbundar kosningar 2006–2014

Table 6. Proportional vote and direct vote 2006–2014

	Bundin hlutfallskosning <i>Proportional vote</i>			Óbundin kosning <i>Direct vote</i>		
	2006	2010	2014	2006	2010	2014
Sveitarfélög Municipalities	60	58	56	19	18	18
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>						
Hlutfall kjósenda af íbúatölu <i>Percent of population</i>	71,4	71,0	73,2	67,6	71,7	74,2
Karlar <i>Males</i>	105.947	110.854	117.753	1.547	1.379	1.620
Konur <i>Females</i>	107.351	112.391	118.927	1.318	1.231	1.434
Greidd atkvæði Votes cast						
Karlar <i>Males</i>	82.769	80.558	76.895	1.035	978	1.113
Konur <i>Females</i>	85.227	82.808	79.582	945	894	1.026
Þar af utan kjörfundar <i>Absentee votes thereof</i>						
Hlutfall af greiddum atkvæðum <i>Percent of votes cast</i>	13,2	9,9	12,5	10,5	9,7	7,9
Kosningabátttaka, % Participation, %						
Karlar <i>Males</i>	78,8	73,5	66,4	69,1	71,7	70,0
Konur <i>Females</i>	79,5	74,0	67,2	71,7	72,6	71,5

Kosningaþátttaka eftir stærð sveitarfélaga

Sé litið á stærð sveitarfélaga var kosningaþátttakan mest í sveitarfélögum með 300–999 íbúa eða 79,5%, því næst í sveitarfélögum með færri en 300 íbúa, 75,5% og minnst var hún í sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða fleiri, 65,8%. Var kosningaþátttaka kvenna meiri en karla eftir þessari skiptingu sveitarfélaga (tafla 3).

Tafla 7. Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum eftir landsvæðum 2014
Table 7. Participation rates in local government elections by regions 2014

	Kjós- endur á kjörskrá, breyt., % 2010– 2014 ¹	Kosningaþátttaka, greidd atkvæði sem % af kjósendum á kjörskrá <i>Participation rate, percent</i>			Af greiddum atkvæðum, % <i>Votes cast, %</i>	
		Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Female</i>	Utankjör- fundar- atkvæði ²	Auðir og ógildir seðlar ³
Allt landið <i>Whole country</i>	6,1	66,5	65,7	67,3	12,4	4,0
Sveitarfélög <i>Municipalities</i>						
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	7,3	62,6	61,9	63,3	13,0	4,2
Reykjavík	5,5	62,9	61,9	63,9	13,7	4,0
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	9,9	62,3	62,0	62,5	12,0	4,6
Utan Höfuðborgarsvæðis <i>Outside Capital region</i>	4,2	73,4	72,2	74,7	11,4	3,7
1.000 íbúar og fleiri <i>1,000 inhabitants and over</i>	4,5	72,5	71,2	73,8	11,3	3,8
300–999 íbúar <i>300–999 inhab.</i>	5,1	79,5	78,7	80,5	12,3	3,1
299 íbúar eða færri <i>Less than 300 inhabitants</i>	-15,1	75,0	71,8	78,8	8,5	2,0
Kosningaháttur <i>Election mode</i>						
Bundnar hlutfallskosningar <i>Proportional voting</i>	6,0	66,4	65,6	67,2	12,5	4,0
Óbundin kosning <i>Direct voting</i>	17,0	70,0	68,7	71,5	7,9	2,9
Landsvæði <i>Regions</i>						
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	7,3	62,6	61,9	63,3	13,0	4,2
Suðurnes <i>Southwest</i>	8,7	70,4	68,7	72,1	10,7	2,9
Vesturland <i>West</i>	4,0	74,7	73,2	76,2	10,1	3,8
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	0,2	76,9	75,2	78,6	12,1	3,4
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	0,5	79,0	78,5	79,5	12,3	4,5
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	3,1	71,3	70,8	71,9	12,3	3,7
Austurland <i>East</i>	3,4	71,5	70,1	72,9	10,8	4,2
Suðurland <i>South</i>	4,8	76,4	74,8	78,0	11,7	3,9

1 Increase of voters on electoral roll between municipal elections 2010 and 2014, %.

2 Percent of votes cast. Absentee votes.

3 Percent of votes cast. Blank and void ballots

Höfuðborgarsvæði og landsbyggð

Kosningaþátttakan var 62,6% á höfuðborgarsvæðinu en 73,4% utan þess og var hún reyndar minnst á höfuðborgarsvæðinu séu landsvæðin átta borin saman. Var þátttakan mest á Norðurlandi vestra 79,0%. Var kosningaþátttaka kvenna meiri en karla á öllum landsvæðunum (tafla 7). Í Reykjavík kusu 62,9% kjósenda á kjörskrá, 61,9% karla og 63,9% kvenna.

Tafla 8. Fjöldi sveitarfélaga eftir þátttöku í sveitarstjórnarkosningum 2014

Table 8. Number of municipalities by participation in local government elections 2014

	Alls Total	90,0– 100,0%	80,0– 89,9%	70,0– 79,9%	60,0– 69,9%	45,0– 59,9%	Engin atkvgr. ¹
Alls Total	74	3	22	29	15	2	3
Eftir kyni By sex							
Karlar Males	74	3	19	31	13	5	3
Konur Females	74	7	19	30	14	1	3
Eftir þátttökumun karla og kvenna By difference in participation							
Þátttaka kvenna meiri Female participation higher	54	7	12	23	11	1	.
Þátttaka karla meiri Male participation higher	15	–	7	6	2	–	.
Þátttaka jöfn Equal participation	5	–	1	1	–	–	3
Eftir íbúafjölda By population							
1.000 íbúar og fleiri 1,000 inhabitants and over	32	–	5	16	11	–	–
300–999 íbúar 300–999 inhabitants	26	2	11	9	1	1	2
299 íbúar eða færri Less than 300 inhabitants	16	1	6	4	3	1	1
Eftir kosningahætti By election mode							
Bundin hlutfallskosning Proportional voting	56	3	17	22	11	–	3
Óbundin kosning Direct voting	18	–	5	7	4	2	–
Eftir landsvæðum By regions							
Höfuðborgarsvæði Capital region	7	–	–	1	6	–	–
Suðurnes	5	–	–	3	2	–	–
Vesturland	10	1	5	3		1	–
Vestfirðir	9	–	2	5	1	–	1
Norðurland vestra	7	1	2	3	1	–	.
Norðurland eystra	13	–	4	5	2	–	2
Austurland	9	–	3	2	3	1	–
Suðurland	14	1	6	7	–	–	–
Hlutfallsleg skipting Percent distribution	100,0	4,1	29,7	39,2	20,3	2,7	4,1

¹ No voting.

Kosningaþátttaka mest 95,2%
en minnst 56,6%

Í 71 sveitarfélagi þar sem kosning fór fram var kosningaþátttakan mest í Eyja- og Miklaholtshreppi, 95,2% og því næst í Mýrdalshreppi 92,4%. Var kosningaþátttakan minnst í Breiðdalshreppi, 56,6% og því næst Dalabyggð 58,1%.

Kosningaþátttaka karla mest
94,3% og kvenna 96,1%

Kosningaþátttaka karla og kvenna var mest í Eyja- og Miklaholtshreppi eða 94,3% og 96,1%. Næst mest þátttaka karla var á Skagaströnd 90,9% en kvenna í Súðavíkurhreppi, 95,5%.

Kosningaþátttaka karla minnst
53,3% og kvenna 59,5%

Minnst var kosningaþátttaka karla í Breiðdalshreppi, 53,3% og Dalabyggð, 58,1% og kvenna í Dalabyggð, 59,5% og Kópavogi 60,7% (tafla 24).

Kosningaþátttaka kvenna var meiri en karla í 54 sveitarfélögum en þátttaka karla meiri en kvenna í 15 sveitarfélögum. Var kosningaþátttaka kynja jöfn í tveimur sveitarfélögum en sjálfkjörið var í þremur sveitarfélögum (tafla 8).

Atkvæði greidd utan kjörfundar

Utankjörfundaratkvæði 12,4 %
greiddra atkvæða

Í sveitarstjórnarkosningunum 2014 voru 19.661 atkvæði greidd utan kjörfundar eða 12,4% atkvæða sem er hærra hlutfall en í kosningunum 2010 en þá var það 9,9%. Hlutfallið var hins vegar 13,2% í kosningunum 2006. Hlutfall karla og kvenna sem nýttu sér þessa heimild árið 2014 var það sama 12,4%. Í töflu 24 er sýnd tala utankjörfundaratkvæða í hverju sveitarfélagi. Í töflu 7 kemur fram hlutfall atkvæða sem greidd hafa verið utan kjörfundar eftir stærð sveitarfélaga, kosningahætti og landsvæðum. Var þetta hlutfall 12,5% í sveitarfélögum þar sem kosning var bundin og 7,9% þar sem hún var óbundin. Var hlutfall utankjörfundaratkvæða hæst á höfuðborgarsvæðinu (13,0%) en lægst á Vesturlandi (10,1%).

Framboðslistar

184 framboðslistar í 56
sveitarfélögum

Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2014 voru lagðir fram 184 framboðslistar í 56 sveitarfélögum en í kosningunum 2010 komu fram 185 framboðslistar í 58 sveitarfélögum. Í þremur sveitarfélögum, Vesturbyggð, Skútustaðahreppi og Tjörneshreppi kom aðeins einn listi fram og varð hann því sjálfkjörinn án kosningar. Flestir urðu listarnir átta í Reykjavík og í Kópavogi og sjö á Akureyri en algengast var að tveir eða þrjú listar væru boðnir fram.

Tafla 9. Sveitarfélög eftir stærð og fjölda framboðslista 2014

Table 9. Municipalities by size and number of candidate lists 2014

	Sveitar- félög alls <i>Municipalities, total</i>	Framboðslistar í sveitarfélagi <i>Candidate lists in a municipality</i>					
		1	2	3	4	5	6–8
Allt landið <i>Whole country</i>	56	3	18	16	9	4	6
Höfuðborgarsvæðið <i>Capital region</i>	6	–	–	–	1	1	4
Önnur sveitarf. með 1.000 íbúa eða fl. <i>Other municipalities of 1,000 and over</i>	26	–	4	9	8	3	2
Sveitarfélög með 300–999 íbúa <i>Municipalities of 300–999 inhabitants</i>	21	2	12	7	–	–	–
Sveitarfélög með 299 íbúa og færri <i>Municipalities of less than 300 inhab.</i>	3	1	2	–	–	–	–

Skýringar Notes: Sveitarfélög þar sem bundnar hlutfallskosningar fóru fram. *Municipalities with proportional vote.*

Listabókstafir - undantekningar

Í töflu 26 er sýnd tala framboðslista eftir flokkum sveitarfélaga og fyrir þau stjórn málasamtök sem buðu fram á fleiri en einum stað. Þau samtök sem hér um ræðir eru Framsóknarflokkur (B), Sjálfstæðisflokkur (D), Samfylkingin (S), Dögun (T), Vinstrihreyfingin – grænt framboð, Píratar (P) og Björt framtíð (Æ). Í þessari samantekt er listabókstafur látinn ráða hvaða listar teljast til hverra samtaka ef um viðbót við flokksheiti er að ræða. Í nokkrum tilvikum eiga listabókstafir ekki við þau stjórn málasamtök sem bókstafurinn vísar almennt til. Í slíkum tilvikum teljast framboðslistarnir til „annarra lista“ í samantektinni og víðar eftir því sem við á. Þetta á við um Törneshreppi (T) í Tjörneshreppi, listann Sveitungar (T) í Þing-

eyjarsveit, T-lista (T) í Bláskógabyggð, T-lista (T) í Flóahreppi og Lista áhugafólks um sveitarstjórnarmál (P) í Bláskógabyggð.

Fram komu 104 framboðslistar samanlagt með listabókstafina B, D, S, T, V, P og Æ sem höfðu skírskotun til viðkomandi stjórnálagamtaka og 80 aðrir listar. Framsóknarflokkurinn (B) bauð fram í 28 sveitarfélögum, Sjálfstæðisflokkurinn (D) í 34, Samfylkingin (S) í 16, Dögun (T) í þremur, Vinstrihreyfingin – grænt framboð (V) í 10 sveitarfélögum, Píratar (P) í fjórum og Björt framtíð (Æ) í níu sveitarfélögum (tafla 26).

Átta framboðslistar í Reykjavík og í Kópavogi

Á höfuðborgarsvæðinu komu fram alls 37 listar í 6 sveitarfélögum (óbundin kosning var í einu sveitarfélagi þar). Í Reykjavík og Kópavogi, voru átta framboðslistar í hvoru sveitarfélagi, sex listar voru í Hafnarfirði og einnig Mosfellsbæ, fimm í Garðabæ og fjórir á Seltjarnarnesi.

Framboðslistar utan höfuðborgarsvæðis flestir sjö á Akureyri

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins með 1.000 íbúa eða fleiri komu fram 95 listar í 26 sveitarfélögum. Í einu sveitarfélagi, Akureyri voru sjö listar í boði, fimm listar í þremur sveitarfélögum, og tveir til fjórir í hinum.

Í sveitarfélögum með 300–999 íbúa komu fram 47 listar í 21 sveitarfélagi. Voru einn til þrjár listar í hverju þeirra en algengast var að tveir listar væru í boði.

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins með íbúa undir 300 voru tvö sveitarfélög með tvo lista og eitt með einn lista.

Frambjóðendur

Karlar 53% frambjóðenda —
konur 47%

Við sveitarstjórnarkosningarnar 2014 voru alls 2.916 manns á framboðslistum, 1.532 karlar eða 52,5% og 1.384 konur eða 47,5%. Er þetta hæsta hlutfall kvenna af frambjóðendum við sveitarstjórnarkosningar til þessa. Fyrir kosningarnar 2010 voru 2.846 í framboði og voru karlar þá 53,2% frambjóðenda og konur 46,8%. Þó frambjóðendur hafi verið fleiri nú en í kosningunum 2010 var tilhneiging til fækkunar þeirra allt frá árinu 1986 samhliða fækkun sveitarfélaga.

Tafla 10. Frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningum 1986–2014

Table 10. Candidates in local government elections 1986–2014

Ár Year	Sveitar- félög Municipalities	Fjöldi Number			Hlutfallsleg skipting Percent		
		Alls ¹ Total ¹	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Men	Konur Women
1986	223	3.853	2.393	1.374	97,8	62,1	35,7
1990	204	3.339	2.071	1.268	100,0	62,0	38,0
1994	171	3.313	2.092	1.221	100,0	63,1	36,9
1998	124	2.740	1.698	1.042	100,0	62,0	38,0
2002	105	2.714	1.603	1.111	100,0	59,1	40,9
2006	79	2.675	1.503	1.172	100,0	56,2	43,8
2010	76	2.846	1.513	1.333	100,0	53,2	46,8
2014	74	2.916	1.532	1.384	100,0	52,5	47,5

1 Þar með taldir frambjóðendur þar sem kynferði er ekki tilgreint (1986). Including candidates where information on sex is missing (1986).

Í töflu 26 er sýnd tala frambjóðenda, karla og kvenna, samantekin fyrir flokka sveitarfélaga og framboðsaðila. Í töflu 27 er framboð flokka og annarra framboðsaðila sýnt fyrir hvert þeirra 56 sveitarfélaga þar sem kosning var hlutbundin svo og úrslit kosninganna.

Jafnmargar konur og karlar frambjóðendur í tíu af 56 sveitarfélögum

Í tíu sveitarfélögum var fjöldi kvenna og karla á framboðslistum sá sami en í níu sveitarfélögum árið 2010. Fleiri konur en karlar voru í framboði í tíu sveitarfélögum en karlar fleiri en konur í 36 sveitarfélögum. Var hlutfall kvenna 40–49% í 29 þessara sveitarfélaga og 30–39% í hinum sjö.

Þriðjungur framboðslista með jafnmargar konur og karla

Á öllum framboðslistunum nema tveimur voru bæði karlar og konur í framboði en tveir listar voru eingöngu skipaðir konum. Á 66 framboðslistum voru jafnmargir karlar og konur (á 56 listum árið 2010), fleiri konur en karlar skipuðu sætin á 40 listum en fleiri karlar en konur á 78 framboðslistum.

Efsta sæti lista skipað karli í tveimur af þremur tilvikum

Röðun frambjóðenda á lista í sveitarstjórnarkosningunum 2014 var þannig að karlar skipuðu fyrsta sæti á 123 listum (67%) og konur á 61 lista (33%). Hins vegar skipuðu fleiri konur en karlar annað sætið eða á 106 listum (58%) en karlar á 78 listum (42%). Fleiri karlar en konur skipuðu þriðja sætið en hlutur kynja var jafn í fjórða sæti og að heita má einnig í fimmta sæti.

Tafla 11. Frambjóðendur í 1.–5. sæti framboðslista eftir kyni 2014

Table 11. Candidates in 1st–5th place on candidate lists by sex 2014

